

**Skýrsla um  
grænt bókhald  
fyrir árið 2010**

**Malbikunarstöð  
Akureyrarbæjar**

**við Súluveg  
Akureyri**

**Akureyrarbær**

**Akureyri, mars 2011**

## **Efnisyfirlit**

Yfirlýsing stjórnanda	.....	2
Staðfesting endurskoðanda	.....	3
Almennar upplýsingar	.....	4
Hráefnis- og auðlindanotkun	.....	5

## **Yfirlýsing stjórnanda**

Hér birtist skýrsla um grænt bókhald fyrir starfsemi Malbikunarstöðvar Akureyrar á árinu 2010, sbr. reglugerð nr. 851/2002. Starfsemi stöðvarinnar felst í framleiðslu malbiks til notkunar á götur, vegi, gangstéttar, bílastæði og fleira. Grunnefni til framleiðslunnar eru aðallega íslensk steinefni og innflutt asfalt. Helstu breytingar sem urðu á starfseminni á árinu frá því sem verið hefur er að framleiðsla árið 2010 varð um 39 % minn en árið áður.

Akureyri, 24. mars 2011

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Oddur Ólafur Hellein".

## Staðfesting endurskoðanda

Við höfum endurskoðað skýrslu Malbikunarstöðvar Akureyrar um grænt bókhald fyrir árið 2010. Skýrsla um grænt bókhald er lögð fram af stjórnendum stöðvarinnar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álti sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Megintilgangur með endurskoðun okkar hefur verið að meta hvort skýrsla stöðvarinnar um grænt bókhald samræmist þeim kröfum sem gerðar eru í íslenskri löggjöf, þar með talið:

- að kanna hvort tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu reiknaðar með áreiðanlegum hætti og settar fram í samræmi við þær aðferðir sem stjórmendur stöðvarinnar hafa skilgreint.
- hvort upplýsingar séu í samræmi við fjárhagsbókhald stöðvarinnar og þær tölur sem sendar eru þeim aðila sem hefur eftirlit með starfsleyfi vegna mengunarmælinga.
- að kanna hvort skilyrðum í lögum og reglum varðandi innihald skýrslna um grænt bókhald sé fullnægt.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að skýrsla um grænt bókhald sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, spurningar til starfsmanna stöðvarinnar, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingar sem fram koma í skýrslunni. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á því hvort framkvæmd mælinga og útreikninga sé í samræmi við þær lýsingar sem fram koma í skýrslunni. Í endurskoðuninni felst jafnframt mat á þeim aðferðum sem notaðar eru við gerð skýrslunnar.

Það er álit okkar að skýrsla Malbikunarstöðvar Akureyrarbæjar um grænt bókhald á árinu 2010 sé gerð í samræmi við lög og reglur um innihald skýrslna um grænt bókhald og að tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.

Akureyri, 24. mars 2011.

*KPMG ehf.  
Guðrún Þ. Þorvaldsson.*

## **Almennar upplýsingar**

Malbikunarstöðin er hluti af framkvæmdamiðstöð Akureyrarbæjar og rekin undir yfirstjórn framkvæmdadeildar Akureyrarbæjar.  
Deildarstjóri framkvæmdadeildar er Helgi Már Pálsson, tæknifræðingur.

## **Starfsleyfi**

Malbikunarstöðin starfar skv. starfsleyfi sem var gefið var út 8. október 2004. Starfsleyfishafi er Akureyrarbær, Geislagötu 9, 600 Akureyri. Það var gefið út af Umhverfisstofnun og gildir til 1. júní 2015.  
Eftirlit með starfseminni er í höndum Umhverfisstofnunar.

Númer fyrirtækjaflokks, sbr. fylgiskjal með reglugerð um grænt bókhald, er 6.11.

## **Afmörkun starfseminnar**

### **Staðsetning**

Malbikunarstöðin er staðsett við Súluveg á Akureyri.

### **Stærð fyrirtækisins og athafnasvæði þess**

Athafnasvæði malbikunarstöðvarinnar er um 1 hektari að stærð og er í um 147 – 148 m hæð yfir sjávarmáli. Daggeymir fyrir asfalt við stöðina var endurnýjaður árið 2006 og er nú einn 50 tonna upphitaður geymir í stað tveggja 20 tonna geyma áður.  
Á athafnasvæðinu er starfsmannahús og litlar geymslur.

Einnig tilheyrir starfseminni 1.400 tonna löndunargeymir fyrir asfalt og er hann staðsettur á hafnarkanti við Skipatanga.

## **Hráefna- og auðlindanotkun**

Malbiksframleiðsla á árinu 2010 var samtals 8.369 tonn. Árið 2009 var framleiðslan 13.774 tonn. Malbikið er að meðaltali 93,9% steinefni og 6,1% asfalt.

Við framleiðsluna 2010 voru því notuð um 7.858 tonn af steinefnum og 511 tonn af asfalti. Steinefnin eru að mestum hluta unnin úr klöpp við Krossanes skammt norðan Glerár.

Asfaltinnflutningur á árinu 2010 nam samtals 950 tonnum en að teknu tilliti til birgðabreytinga var gegnumstreymi samtals 890 tonn.

## **Malbikunarstöð**

### **Olíunotkun**

Til þurrkunar og upphitunar steinefna er notuð flotaolía.

Heildarmagn olíu á árinu 2010 varð 79.843 lítrar eða um 9,5 lítrar á hvert tonn af malbiki.

### **Raforkunotkun**

Malbikunarstöðin er rafmagnsdrifin og einnig er rafmagn notað til að halda asfalti heitu. Raforkunotkun á árinu 2010 varð samtals 355.560 kwst. eða 42,5 kwst. á framleitt tonn af malbiki.

## **Asfaltgeymir**

### **Raforkunotkun**

Til að halda asfalti heitu í löndunargeymi er notuð raforka.

Raforkunotkun á árinu 2010 varð samtals 261.711 kwst. eða 294,1 kwst. á hvert tonn af asfalti sem fór í gegnum löndunargeyminn.

## **Útblástursloft**

Samkvæmt starfsleyfi grein 3.2 skal mæla ryk í útblásturslofti að minnsta kosti einu sinni á ári og má það ekki vera meira en 100 mg/Nm<sup>3</sup> skv. grein 2.1. í starfsleyfi.

Mæling ryks fór fram 26. ágúst 2010 og reyndist heildarryk úr beinni mælingu frá brennslunni vera um 756 mg/Nm<sup>3</sup> að meðaltali. Sé mæligildið umreknað að 17% súrefni var 819 mg/Nm<sup>3</sup>.